



## **Aukafundur Héraðsnefnd Árneseinga bs.**

21. fundur, fjarfundur á Teams

25. febrúar 2021

### **Fundarsetning á Teams kl. 8:15**

Eypór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

#### **1. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga – framhald umræðna frá aukafundi þann 20. janúar síðastliðinn.**

Eypór H. Ólafsson, formaður, lagði fram fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 29 frá 16.02.2021.

Engar athugasemdir voru gerðar og hún samþykkt samhljóða.

Formaður fór yfir greinargerð framkvæmdastjórnar um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins eftir fjarfund með fulltrúum Þjóðskjalasafns Íslands þar sem farið var yfir möguleika þeirra á að taka við gögnum Héraðsskjalasafnsins yrði það lagt niður.

#### ***Greinargerð framkvæmdastjórnar fyrir aukafund fulltrúaráðs sem haldinn er á Teams þann 25. febrúar 2021***

*Á aukafundi Héraðsnefndar Árneseinga bs. þann 20. janúar 2021 var framkvæmdastjórninni falið að skoða betur möguleika varðandi húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga og þá sérstaklega hvort sú leið væri fær og vænleg að Þjóðskjalasafn Íslands tæki við safninu.*

*Þann 2. febrúar 2021 áttu EHO, KB og HLH fund með Hrefnu Róbertsdóttur þjóðskjalaverði og Baldri Þóri Guðmundssyni sérfræðingi á skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu. Efni fundarins var málefni Héraðsskjalasafns Árneseinga og möguleikar á að Þjóðskjalasafn (ÞSS) geti tekið við safnkosti safnsins yrði það lagt niður.*

*Eftirfarandi kom fram á framangreindum fundi:*

- *Lögin um opinber skjalasöfn eru nr. 77 frá 2014. Þar kemur fram að ÞSS er skylt að taka við gögnum frá sveitarfélögum ef ekki er fyrir hendi héraðsskjalasafn.*
- *Það er hlutverk ÞSS að tryggja með eftirliti og úttektum að héraðsskjalasöfn fylgi lögum og reglum um skjalavörslu og veita þeim starfsleyfi.*
- *Það er ekki stefna ÞSS að sækjast eftir því að taka við safnkosti héraðsskjalasafna.*
- *Núna eru samtals 19 sveitarfélög, bæði stór og lítil, afhendingarskyld til ÞSS. Samtals eru rekin 20 héraðsskjalasöfn á Íslandi núna. Elsta safnið er í Skagafirðinum, stofnað 1930.*
- *Ef héraðsskjalasafn er lagt niður af einhverjum ástæðum ber ÞSS að taka við safnkosti þess.*
- *Gjaldskrá um varðveislubjónustu ÞSS fyrir sveitarfélög hefur verið í smíðum í nokkur ár en ekki verið kláruð. Ljóst er þó að vilji stendur til þess að taka gjald fyrir bjónustuna. Enn er ekki fyrirbyggjandi né í smíðum gjaldskrá fyrir afhendingarbjónustu á skjölum.*
- *Stórt safn einkaskjala mun vera fyrir hendi í ÞSS sem tengist einkum atvinnulífi og félagsstarfi.*
- *Mjög margir aðilar í samfélaginu varðveita einkaskjöl.*
- *ÞSS er með stærstan hluta geymsluhúsnæðis síns á lóð sinni við Laugaveg 162 en auk þess er safnið með bráðabirgðageymslu á þremur öðrum stöðum. Stefnt er að því að þær verði fluttar í nýtt og gott húsnæði uppi á Höfða á næstu misserum.*
- *Eðli héraðsskjalasafnanna er á ýmsan hátt annað en ÞSS. Þau sinna mun meira og betur sögu síns nærumhverfis og eru meira í því að varðveita bæði skjöl og sögu síns starfssvæðis. Oftast er mikil staðþekking fyrir hendi í héraðsskjalasöfnum.*
- *Fram kom að mjög brýnt er að taka á og bæta rafræna skjalavörslu og á það bæði við um ÞSS og héraðsskjalasöfnin. Það að rafræn skjalavarsla sé ekki í góðum farvegi þýðir að það hefur verið og er enn veldisvöxtur á magni skjala á pappírformi til varðveislunar og húsnæðisþörfin stefnir að óbreyttu í hið óendanlega.*
- *Í undirbúningi mun vera að koma upp rafrænu skjalaverkstæði fyrir héraðsskjalasöfn.*

Af framangreindu er ljóst að það er fær leið að leggja niður Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. og afhenda safnkost þess til ÞSS. Hins vegar er einnig ljóst að með því mundi ýmsu vera fórnað eða sett í uppnám og má þar nefna m.a.:

- 1) Safnkosturinn og sagan sem í honum felst mundi óhjákvæmilega fjarlægjast héraðið.
- 2) Staðþekking sú sem fyrir hendi er í safninu mundi tapast að verulegu leiti.
- 3) Hætt er við að aðgengi að skjölum yrði erfiðara og seinvirkara.
- 4) Ekki er víst að móttökubjónusta yrði með sama hætti og nú er.
- 5) Þjónusta sú sem nú er veitt við yfirferð skjalasafna fyrir afhendingu mundi að öllum líkindum skerðast verulega eða hætta alveg.
- 6) Móttaka einkasafna gæti orðið erfiðari og hugsanlega takmarkast verulega.
- 7) Einkasöfn sem þegar eru í vörslu HSSÁ gætu verið í uppnámi vegna óánægju afhendingaraðila og afkomenda þeirra, þ.e. yfirfærslan túlkuð sem einkonar forsendubrestur.
- 8) Menningarstarfsemi í héraði tapast sé ekki rekið héraðsskjalasafn og varðveisla einkaskjalasafna, t.a.m. ljósmynda er þá væntanlega úr sögunni.
- 9) Saga mikilvægra þátta nærsamfélagsins mun líklega glatast að öllu eða verulegu leiti verði Héraðsskjalasafnið lagt niður því skjalasöfnin eru minni samfélagsins.
- 10) Kostnaður sá sem nú er við rekstur Héraðsskjalasafnsins mundi ekki hverfa en mögulega minnka talsvert.
- 11) Þau störf sem nú eru í Héraðsskjalasafninu myndu tapast og/eða að hluta a.m.k. færast til Reykjavíkur.
- 12) Fjöldmörg verkefni sem eru í farvegi og í aðgerðaáætlun Héraðsskjalasafnsins yrðu í uppnámi ef safnið yrði lagt niður.

Stjórn telur að það sé alls ekki valkostur að leggja Héraðsskjalasafnið niður og færa safnkostinn í Þjóðskjalasafnið.

Eftirfarandi eru þeir valkostir sem við stöndum frammi fyrir núna:

- 1) Fresta því að safnið fari í sérhæft nýtt húsnæði og færa það í annað leiguhúsnæði til bráðabirgða og bæta við geymslum. Núverandi leiga er 204 þús. á mánuði eða um 2,5 milljónir á ári. Reikna má með að árlegur kostnaður við að fara í annað bráðabirgðahúsnæði verði um 6-7 milljónir. Fyrir liggur að mögulega er hægt að taka u.þ.b. 70 fm undir skjalageymslu í Búðarstíg 22 sem gæti leyst bráðavanda skjalasafnsins a.m.k. til skemmri tíma.

- 2) Auglýsing sú sem birt var á haustmánuðum 2019 verði lögð til grundvallar og að samið verði um kaup á húsnæði við Austurveg 60 á þeim nótum sem þegar hefur verið lagt fyrir Héraðsnefnd. Kostnaður áætlaður 300 milljónir.
- 3) Auglýst verði að nýju eftir húsnæði sem hentar safninu. Reikna má með að kostnaður verði 3-400 milljónir.

Fyrir liggur álit lögfræðinga á því að verkefnið er ekki útboðsskylt ef um kaup á tilbúnu húsnæði er að ræða. Hins vegar ef um er að ræða að láta byggja er þetta útboðsskylt.

Hér að neðan er sýndur kostnaður sveitarfélaganna á ári m.v. leið 2 en reikna má með að leið 3 verði svipuð eða heldur dýrari.

<b>Lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga v/ nýtt húsnæði fyrir Héraðsskjalasaf</b>		
Fjárfesting í nýju húsnæði	285.000.000	
Lóð greidd af Árborg	-18.000.000	
<b>Lánsfjárhæð</b>	<b>267.000.000</b>	
<b>Lánstími</b>	<b>13 ár</b>	
<b>Meðalgreiðsla pr. ár</b>	<b>22.500.000</b>	
<b>Áætluð árleg hlutdeild</b>	<b>Skiptihlutfall 2021</b>	<b>Greiðsla pr. ár</b>
Árborg	51,28%	11.539.000
Bláskógabyggð	6,59%	1.482.000
Flóahreppur	3,85%	866.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	3,87%	870.000
Hrunamannahreppur	4,36%	981.000
Hveragerði	14,15%	3.184.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,42%	770.000
Ölfus	12,48%	2.808.000
<b>Samtals</b>	<b>100,00%</b>	<b>22.500.000</b>

Gert 23. febrúar 2021

Eybór H. Ólafsson

f/h framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar

Formaður fór einnig yfir bréf frá Hrefnu Róbertsdóttur Þjóðskjalaverði, bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi og álit Lögmanna Suðurlandi vegna mögulegra kaupa á húsnæði fyrir Héraðsskjalasafnið.

Formaður gaf orðið laust og til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Kjartan Björnsson, Eggert Valur Guðmundsson, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Smári Bermann Kolbeinsson, Gestur Þór Kristjánsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson, Ari B. Thorarensen og Tómas Ellert Tómasson.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga:

Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn 25. febrúar 2021, samþykkir að auglýsa eftir tilboði í hentugt fullbúið húsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga miðsvæðis á Selfossi samkvæmt útboðsgögnum sem útbúin verði á grundvelli þarfagreiningar sem fyrir liggur. Þegar tilboð liggja fyrir verða þau lögð fyrir vorkund Héraðsnefndar 2021 til ákvörðunar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt af 19 fulltrúum fundarins en þrjú fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss sitja hjá.

## **2. Staðan varðandi Laxabakka eftir dóm Héraðsdóms Suðurlands í þinglýsingarmáli.**

Formaður fór yfir málið.

Formaður gaf orðið laust og til máls tóku auk formanns Ari B. Thorarensen, Smári Bergmann Kolbeinsson, Gunnar Egilsson, Kjartan Björnsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson og Gestur Þór Kristjánsson.

Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir að fela framkvæmdastjórn og fulltrúa nefndarinnar í Alviðrunefnd að ræða niðurstöðu Héraðsdóms við meðeigenda sinn að landinu og leggja niðurstöðu þeirra viðræðna fyrir vorkund 2021.

**Fundi slitið kl. 10:10**

## Á fundinn mættu :

Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Práinsson	Bláskógabyggð
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Smári Bergmann Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Bjarni Þorkelsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Eypór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ari B. Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Helgi Sigurður Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Steinar Lúðvíksson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar